


RANNSOKNIR I ANDAKILSA 1992

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi, febrúar 1993 VMST-V/93002X

Eintak bókasafns

VMST- V/93002X



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Vesturlandsdeild

INNGANGUR

Að beiðni Veiðifélags Andakilsá var vatnsvæði árinnar athugað 30 júní 1992. Markmið þessarar athugunar var einkum að meta árangur af sleppingum sumaralinna laxaseiða í Bæjarlæk og Hrafnagilslæk, en á þessi svæði var sleppt haustið 1991 í tilraunaskyni. Ennfremur var seiðamagn athugað á fiskgengum hlutum árinnar í fyrrnefndum lækjum, Ardalsá, Miðfossalæk og í Andakilsá f.n. virkjun.

Auk þess fylgja hér hugleiðingar vegna sleppinga á sjögönguseiðum í Andakilsá.

ATHUGANIR Á SEIDAMAGNI

I Hrafnagilslæk var gott ástand á fiskgenga hlutanum (Tafla 1). Allir árgangar fundust, þar með talin nýklakin seiði af árgangi 1992. Hins vegar er ómögulegt að meta fjölda þeirra vegna smæðar og hnappdreifingar seiðanna snemma sumars.

A ófiskgenga hlutanum var veitt á um 200 m kafla neðan vaðs á fjalllinu, en á þetta svæði var sleppt sumaröldum seiðum haustið 1991. Einungis fannst 1 seiði á öllum þessum kafla. Niðurstöður benda því til að sleppingin hafi misfarið af einhverjum orsökum. Ekki er ljóst hverju veldur, en lagt er til að sleppt verði um 200 laxaseiðum á afmarkað svæði, og svæðið síðan athugað vorið 1993. Ef niðurstöður verða á sama veg er ekki óhætt að mæla með frekari sleppingum á þetta svæði.

I Bæjarlæk var sleppt á svæðið fyrir ofan brú haustið 1991. Seiðamagn sýndi að afföll frá sleppingu virtust eðlileg og vöxtur seiðanna var góður. Slepping i Bæjarlækinn virðist því hafa heppnast með ágætum og því óhætt að halda áfram að nýta lækinn með sleppingum sumaralinna seiða.

I Ardalsá var veitt á einum stað, en enginn seiði fundust. Lax virðist því ekki nýta sé ána sem búsvæði, enda liklegt að áin hafi fremur slök skilyrði hvað hitafar varðar.

I Miðfossalæk fannst svipað seiðamagn og í fyrri athugun og ástand því eðlilegt.

I Andakilsá var veitt neðan við virkjun. Ekkert klak fannst, enda veitt mjög snemma sumars. Seiðamagn eldri seiða

var hins vegar mun minna en búast mátti við, sbr athugun 1990

TAFLA 1

Þéttleiki laxaseiða í einni yfirferð á 100 m²
á nokkrum stöðum á vatnasvæði Andakilsár 30.06.1992.

Staður	0+	1+	2+	3+	Samtals
Hrafnagilslækur (Fjall)	-	0,4*	-	-	0,4*
Hrafnagilslækur (F.o. ármót)	9,1	47,3	24,5	0,9	81,8
Bæjarlækur (Fjárhús)	-	13,4*	-	-	13,4
Bæjarlækur (F.o. ármót)	-	12,5	5,8	-	18,3
Ardalsá (A móts við Ardal)	-	-	-	-	0,0
Miðfossalækur (F.n brú).	-	6,0	1,5	-	7,5
Andakilsá (F.o. 2)	-	7,2	3,2	0,5	10,9

(Sigurður Már Einarsson 1990). Hins vegar hefði verið æskilegt að veiða mun viðar á fiskgenga hluta Andakilsár en gert var.

SLEPPINGAR SJÓGÖNGUSEIDA

Arið 1990 var sleppt 2504 merktum sjógönguseiðum í Andakilsá. Hluti þeirra var af hreinum Andakilsárstofni eða 832 seiði sem höfðu verið fóðruð síðari hluta vetrar í geymsluádstöðu við Andakilsá. Einnig var sleppt 1573 seiða hóp sem fengin var frá Hafnará og höfðu verið þar í útikerjum um veturinn. Stofn seiðanna var blanda borgfírsbra stofna.

Heildarheimtur sem komið hafa fram af merktum fiski eru sýndar í töflu 2. Af Andakilsárstofni hafa komið fram 6 fiskar eða 0,72% heimtur í veiði. Einungis 2 fiskar komu fram í Andakilsá sjálfri, en hinir í sjávarveiði við Rauðanes, í Langá og 2 laxar komu fram í hafbeitarstöðinni við Hraunsfjörð á Snæfellssnesi.

Af blandaða stofninum frá Hafnará hafa komið fram fimm fiskar, þar af 2 í Andakilsá, 1 í hafbeitarstöð Vogalax á Reykjanesi og 2 í hafbeitarstöð Hafnarlax.

Erfitt er að túnka þessar niðurstöður. Athygli vekur

mjög hátt hlutfall sem veiðist annars staðar en í Andakilsá og hversu fáir fiskar koma fram í Andakilsá sjálfrí. Hins vegar er ljóst að sleppin gin skilar lítum árangri.

TAFLA 2

Endurheimtur á laxi úr sleppingu sjögönguseiða
i Andakilsá 1990.

Endur- heimtustaður	Hópur 1 (1573)	Hópur 2 (832)	Samtals (2405)			
	Fjöldi	% heimta	Fjöldi	% heimta	Fjöldi	% heimta
Andakilsá	2	0,13	2	0,24	4	0,16
Vogalax	1	0,06	-	-	1	0,04
Hafnará	2	0,13	-	-	2	0,08
Rauðanes	-	-	1	0,12	1	0,04
Langá	-	-	1	0,12	1	0,04
Hraunsfjörður	-	-	2	0,24	2	0,08
Samtals	5	0,32	6	0,72	11	0,45

Arið 1991 var sleppt 1307 seiðum af Andakilsárstofni. Einungis einn fiskur kom fram úr sleppingunni 1992 og veiddist hann í sjávarveiði á Þursstöðum.

Ljóst er að sleppin gar gönguseiða í Andakilsá hafa skilað litlum árangri síðustu árin. Ýmis óhöpp hafa steðjað að sem ahrif hafa á útkomu sleppingu og jafnframt hefur sjávarumhverfi verið óhagstætt sbr heimtur í hafbeitarstöðvar.

I fyrri skyrslu hefur verið rakið ítarlega á hvern hátt megi bæta heimtur í ána (Sigurður Már Einarsson og Jón Örn Pálsson 1991) með staðareldi við ána. Hér er jafnframt lagt til að sleppitjarnir verði færðar yfir ána og Hrafnagilslækurinn nýttur til sleppinga. Lækurinn er mun hlyrri en Andkilsá og er möguleiki á að það geti skipt miklu fyrir sjögönguþroska seiðanna og útkomu sleppinganna. Að öðru leyti er bent á fyrri skyrslu.

HEIMILDASKRA

Sigurður Már Einarsson 1990. Rannsókn á laxastofni Andakilsá. VMST-V/9016X. Skýrsla. 12 bls.

Sigurður Már Einarsson og Jón Örn Pálsson 1991. Aætlun um leiðir til laxaræktunar í Andakilsá, Borgarfirði. VMST-V/91001X. Skýrsla. 15 bls.